



# LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bolholt 6 • 105 Reykjavík • Sími 553 1510 • Símbref 568 4363

Reykjavík 30. mars 1998.

Alþingi

Erindi nr. P 122/1729

komudagur 6.4.198

Iðnaðarnefnd alþingis,  
Hr. Stefán Guðmundsson, formaður,  
Alþingi.

Landssamband veiðifélaga leyfir sér hér með að koma á framfæri við háttvirta Iðnaðarnefnd eftirfarandi umsögn um frv. til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu

Það sem vekur athygli okkar eru ákvæði 2. grein frv. þar sem segir að eignarland í lögum þessum sé landssvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka em lög segja til um á hverjum tíma. Og í 3. grein frv. er fjallað um eignarrétt á auðlindum og þar segir, að eignarlandi fylgi eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra. Þarna er komið inn á mál, sem varðar frumvarpið um Þjóðlendum, sem einnig liggur fyrir alþingi.

Samkvæmt þessu með þjóðlendum virðist sem að gert sé ráð fyrir því, að ríkið slái eign sinni á almenning í stöðuvötnum, sem hingað til hefur verið talinn sameign þeirra sem land eiga að viðkomandi stöðuvatni, enda er þeim einum heimil veiði í almenningi vatns, sbr. 8. gr. gildandi lax-og silungsveiðilaga. Um almenning í sjó er vart ástæða til að fjölyrða vegna þess að þar er um allt aðra hluti að ræða.

Þegar fyrrgreint frv. var sent til kynningar á alþingi á fyrra ári, var ekki í því ákvæði varðandi þjóðlendum, sem virðist nú eiga að tákna það, að ríkisvaldið ætli í þessu efni, eins og varðandi afréttina, að slá eign sinni á almenninga í öllum stöðuvötnum landsins.

Fyrrgreindri fyrirætlan ríkisvaldsins viljum við mótmæla. Stöðuvatn er sjálfstætt og afmarkað fyrirbæri í íslenski náttúru og er eðlilegt að eigendur þess séu þeir einir, sem eiga land að viðkomandi vatni, eins og verið hefur hingað til. Ljóst er að þetta myndi valda óróa og bjóða heim vandræðum, ef almenningur stöðuvatns félli í hendur annarra en þeirra sem nytja fiskstofna viðkomandi vatns. Með fyrrgreindu ráðslagi er verið að rjúfa aldagamla hefð í þessu efni, að okkar dómi.

Allra virðingarfyllst,

Landssamband veiðifélaga,

formaður